

með 15% ársvöxtum frá 30. október 1981 til greiðsludags og kr. 34.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. maí 1985.

Nr. 195/1983. **Ásrún Auðbergsdóttir**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Uppboð. Skattar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. október 1983. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um nauðungaruppböð á fasteigninni Breiðási 1 í Garðakaupstað. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og í hinum kærða úrskurði greinir, var bókuð sátt í fógætarétti Garðakaupstaðar 11. september 1980, þar sem Kristján P. Vilhelmsson lofaði að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík skuldir á nafni Goðaborgar s/f og Christians P. Willardsens að fjárhæð gkr. 2.737.047 með þeim vöxtum, sem þinggjaldaskuldir bera á hverjum tíma. Í sáttinni var sá fyrirvari, að Kristján áskildi sér rétt til að koma að sönnunargögnum um, að hann væri ekki réttur aðili kröfunnar eða að um ranga álagningu á Goðaborg s/f og/eða Christian P. Willardsen væri að ræða. Síðan var með samþykki eiginkonu

Kristjáns, áfrýjanda þessa máls, gert fjárnám í fasteign hennar, Breiðási 1, Garðakaupstað, til tryggingar skuldinni.

Af gögnum máls þessa kemur fram, að framangreind skuld er vegna opinberra gjalda, sem lögð voru á Goðaborg s/f og Christian P. Willardsen, svo sem rakið er í úrskurði uppboðsréttar. Skuld þessi hefur ekki verið greidd. Áðurnefndri fjárnámssgerð, sem er grundvöllur hins umbeðna uppboðs, hefur ekki verið áfrýjað, og áfrýjandi hefur ekki hreyft neinum athugasemdum við hana sem slíka. Engir þeir gallar þykja vera á henni, sem valdi ógildi hennar ex officio, sbr. 13. gr. laga nr. 57/1949, og verður hún því talin fullnægjandi uppboðsheimild. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásrún Auðbergsdóttir, greiði stefndu, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Garðakaupstaðar 16. september 1983.

Mál þetta var tekið til úrskurðar, að loknu munnlegum málflutningi 30. ágúst 1983.

Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík, Tryggvagötu 28, Reykjavík. (Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Uppboðspoli er Ásrún Auðbergsdóttir, Breiðási 1, Garðakaupstað (Páll Arnór Pálsson, hrl.).

Í máli þessu gerir uppboðsbeiðandi þær kröfur, að húseignin Breiðás 1 í Garðakaupstað verði boðin upp og seld til lúkningar eftirstöðvum opinberra gjalda í samræmi við sátt, sem gerð var í fógatarétti Garðakaupstaðar 11. september 1980 um greiðslu gjaldaskulda Goðaborgar s.f., nafnnr. 2712-6243, og Christians P. Willardsen, nafnnr. 5890-9483, þá samtals að eftirstöðvum gkr. 2.737.043, með þeim vöxtum, sem þinggjaldaskuldir bera á hverjum tíma auk kostnaðar við uppboðið og málskostnaðar að mati réttarins. Grundvöllur uppboðsbeiðninnar frá 7. október 1980 er fjárnám, sem gert var í fógataréttinum í beinu framhaldi af réttarsáttinni og þinglýst 16. september 1980.

Af hálfu uppboðspola eru gerðar þær kröfur, að nauðungaruppboð að kröfu uppboðsbeiðanda nái eigi fram að ganga. Við munnlegan flutning málsins var af hálfu uppboðspola einnig krafist málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda.

Sem áður greinir er umrædd uppboðsbeiðni frá 7. október 1980. Uppboðsheimildin og réttarsáttin, sem hún byggist á, koma fram í endurriti úr fógetabók Garðakaupstaðar. Bókunin í fógetaréttinum er svohljóðandi „Ár 1980, fimmtudaginn 11. september, er fógetaréttur Garðakaupstaðar settur að Breiðási 1, Garðakaupstað, og haldinn af Má Péturssyni, héraðsdómara.

Fyrir er tekið: Fógetaréttarmálið nr. /1980:

1) Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Kristjáni P. Vilhelmssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, bréf skiptaráðandans í Hafnarfirði til skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 6.3. 1980, ásamt þeim 11 fylgiskjölum sem þar eru greind.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, mætir Valgarður Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði.

Gerðarþoli, Kristján P. Vilhelmsson, er mættur. Dómari gætir leiðbeiningskyldu.

Gerðarbeiðandi beinir því nú til gerðarþola að greiða kröfur þær sem greindar eru undir lið 1 og 2 á dskj. nr. 1, fylgiskjali 8, í endurriti af þinghaldi hinn 30. janúar 1980, en þær nema nú með dráttarvöxtum til 30.8. 1980:

1. Krafa á nafni Goðaborgar s.f., nnr. 2712-6243	kr. 2.410.788
2. Krafa á nafni Christians P. Willardsen, nnr. 5890-9483	“ 326.259
Samtals	kr. 2.737.047.

Með aðilum verður nú svofelld

SÁTT:

Kristján P. Vilhelmsson, Breiðási 1, Garðakaupstað, lofar að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík skuldir á nafni Goðaborgar s.f. og Christians P. Willardsen að fjárhæð kr. 2.737.047 með þeim vöxtum er þingjaldaskuldir bera á hverjum tíma frá 1. sept. 1980. Sátt þessi er þegar gjaldfallin og aðfaraþær. Gerðarbeiðandi muni ekki krefjast uppboðs ef fram koma af hálfu gerðarþola sönnunargögn um að fyrirtæki það er gerðarþoli rak undir nafninu Goðaborg s.f. sé ekki réttur aðili kröfunnar eða að um sé að ræða ranga álagningu á Goðaborg s.f. og/eða Christian P. Willardsen.

Valgarður Sigurðsson.

K. Vilhjálmsón. (sic)

Þá mætir í réttinum Ásrún Auðbergsdóttir, eiginkona gerðarþola. Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms fyrir sáttaskuldinni.

Eiginkona gerðarþola, Ásrún Auðbergsdóttir, lýsir því nú yfir að hún samþykki að fjárnám fari fram í fasteign hennar að Breiðási 1 fyrir sáttinni sem persónulegri skuld Kristjáns. Fógeti gætir leiðbeingarskyldu gagnvart mættu.

Fógeti lýsir nú yfir fjárnámi fyrir framangreindri sáttaskuld Gjaldheimtunnar, að fjárhæð kr. 2.737.047 auk vaxta frá 1. sept. 1980, í fasteigninni Breiðási 1, Garðakaupstað.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar.

Upplesið.

Ásrún Auðbergsdóttir.

Valgarður Sigurðsson.

Vottar:

Eggert B. Ólafsson.

Pétur Guðmundsson.“

Samkvæmt framlögðu vottorði Hagstofu Íslands - þjóðskrár-, dags. 12. nóvember 1981, kom Christian P. Willardsen inn á þjóðskrá 1. október 1964 og fékk nafnúmerið 5890-9483. Hann skipti um nafn árið 1970 og heitir þá Kristján P. Vilhelmsson, nafnnúmer 5890-6344.

Kristján P. Vilhelmsson var persónulega ábyrgur fyrir sköttum og skyldum Goðaborgar s/f (2712-6243) sem aðili að því félagi. Kristján og Ásrún Auðbergsdóttir, uppboðspoli, eru hjón. Uppboðsandlagið, fasteignin Breiðás 1 í Garðakaupstað, er þinglesin eign uppboðspola samkvæmt kaupmála, dags. 27. febrúar 1973.

Í greinargerð uppboðspola tekur málflutningsmaður hans fram, að hann mæti einnig í máli þessu sem umboðsmaður Kristjáns P. Vilhelmssonar, Kristján hafi andmælt kröfum uppboðsbeiðanda, en við sáttargerðina í fógetaréttinum 11. september 1980 ekki fengið neitt svigrúm til að rökstyðja mál sitt. Honum hafi aðeins verið settir úrslitakostir af hálfu fógeta/skiptaráðanda, sem hafi sagt, að gengi hann ekki að sáttinni, yrði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Þó hafi náðst að gera í sáttinni fyrirvara, sem þar greinir. Er því haldið fram, að ekki hafi verið fyrir hendi skilyrði til þess að ganga að uppboðspola og Kristjáni P. Vilhelmssyni þann 11. september 1980. Uppboðið eigi ekki að fara fram, þar sem uppboðsheimildin sé fjárnám, gert til tryggingar kröfum, sem ekki hafi lengur verið fyrir hendi.

Í fyrsta lagi hafi skuld Christians P. Willardsen, nafnnúmer 5890-9483, verið greidd upp 30. ágúst 1972, eins og fram komi á ljósriti af gjaldheimtu-

spjaldi (rskj. 64). Krafa á hendur honum sé einnig fyrnd samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Upphaf fyrningartíma verði að telja, þegar skuld sé gjaldkræf, þ.e. líklega í ágúst 1971. Þann 22. október 1975 sé kröfunni lýst í þrotabú Kristjáns P. Vilhjálmssonar (sic). Skipti hafi aldrei farið fram og skiptamálið verið felld niður árið 1980. Krafan hafi verið fyrnd við kröfulýsingu. Ef ekki, hafi hún að minnsta kosti verið fyrnd, er fjögur ár voru liðin frá kröfulýsingunni. Hér eigi ekki að miða við 10 ára fyrningartíma, þar sem engin skipti hafi farið fram. Ennfremur er því haldið fram, að aðgerðir uppboðsbeiðanda, svo sem kröfulýsingar og þess háttar, hafi engin áhrif haft á fyrningartímann, úr því málum hafi eigi verið haldið fram á réttum hraða og engin skipti farið fram.

Varðandi gjöld Goðaborgar s.f., nafnnúmer 2712-6243, sem eru frá 1971 og 1972, er því haldið fram, að þau séu fyrnd af sömu ástæðum og greinir um gjöld Christians P. Willardsen. Uppboðsbeiðandi hafi beðið um gjaldþrotaskipti á Goðaborg s/f 25. janúar 1974 og það úrskurðað gjaldþrota 5. júlí 1974. Þann 22. október 1975 hafi komið fram kröfulýsing í þrotabú Kristjáns P. Vilhelmssonar og síðan hafi málið verið í frestum allt þar til 11. september 1980, er dómssáttin var gerð. Á því tímabili hafi komið fram mótmæli af hálfu Kristjáns og einu sinni hafi hann fengið greiðslufrest.

Þá er á það bent, að báðar kröfurnar séu orðnar ævagamlar, nú ellefu tólf ára, en átta og níu ára, er dómssáttin var gerð, og því verði að telja öll sanngirnissjónarmið mæla með því að meta þær fyrndar.

Í greinargerð uppboðspola segir að lokum:

„Umbjóðandi minn Ásrún Auðbergsdóttir telur að við fjárnámið 11. sept. 1980 hafi verið beitt þvingunum og hótunum sem ekki geta talist til eðlilegra réttarfarslegra athafna. Hún var kölluð í skyndi til fógeta og henni settir þeir kostir að benda á séreign sína til tryggingar skuldum eiginmannsins, ella yrði hann þá þegar úrskurðaður gjaldþrota og að myndi leiða til þess að þrotabúið fengi fullnægju í séreignum hennar. Hún fékk ekki frest til þess að ráðfæra sig við lögmann, sem hefði þó verið eðlilegt, þar sem hún var nýr aðili og ekki gerðarþoli og miklir hagsmunir í húfi. Krafa Gjaldheimtunnar var aðeins ein af mörgum og hafði hún enga möguleika né aðstöðu til þess að kynna sér kröfurnar eða réttmæti þeirra.“

Við munnlegan flutning málsins var ítrekað af hálfu uppboðspola, að uppboðsheimildin væri ekki lögleg, m.a. af þeirri ástæðu, að réttarsáttin hafi verið skilyrt. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1887 sé ekki rétt að framkvæma fjárnám samkvæmt skilyrtri sátt, nema gerðarbeiðandi sanni, að skilyrðinu sé fullnægt. Sönnunarbyrðin hvíli á gerðarbeiðanda, en ekki gerðarþola, eins og fram komi í fyrirvaranum.

Af hálfu uppboðsbeiðanda er öllum staðhæfingum og málsástæðum uppboðspola mótmælt. Af hans hálfu hefur með gögnum verið skilmerkilega

hrakin sú fullyrðing uppboðspola, að gjöld Christians P. Willardsen, nafn-
númer 5890-9483, séu að fullu greidd, þar sem kvittun sú, sem gerðarþoli
byggir á, sé vegna gjalda frá árinu 1969. Gjöld þau, sem fjárnám var gert
fyrir, séu frá árunum 1970 og 1971 hjá Christian P. Willardsen og 1971
og 1972 hjá Goðaborg s/f. Gjöld þessi hafi aldrei fyrnst, enda stöðugt til
meðferðar hjá dómstólum, þar til réttarsáttin var gerð. Hafi gjöldin fyrnst
á einhverju tímabili, hafi þau raknað við við sáttina. Engin sönnunargögn
hafi komið fram, enda ekki til um að Goðaborg s/f hafi ekki verið réttur
aðili að kröfunni eða álagningarnar rangar. Uppboðspoli geti því ekki
haldið uppi vörnum, byggðum á því loforði uppboðsbeiðanda við sáttar-
gerðina, að hann myndi ekki biðja um uppoð, kæmi gerðarþoli fram með
slík sönnunargögn. Af hálfu uppboðsbeiðanda eru ásakanir um nauðung,
sem fram koma í greinargerð uppboðspola, taldar ósannaðar og þeim mót-
mælt.

Ljóst er af því, sem að framan greinir, að gjöld þau, sem uppboðsmál
þetta varða, höfðu um árábil verið til meðferðar dómstóla, fúgetaréttar og
skiptaréttar, þar til gerð var um þau réttarsátt 11. september 1980 og síðan
fjárnám í fasteigninni Breiðáasi 1 í Garðakaupstað í beinu framhaldi af því.
Eigi verður séð, að sú framvinda varðandi þessar kröfur, sem lýst hafi verið
á hendur Kristjáni P. Vilhelmssyni, og aðrar hafi valdið uppboðsbeiðanda
réttarspjöllum, þótt Kristján og uppboðspoli hafi kosið að forða með þeim
hætti, að bú Kristjáns yrði tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Telja verður umrædda réttarsátt fullgilda aðfararheimild. Sáttinni hefur
ekki verið hnekkð með dómi samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 85/1936,
sbr. nú 5. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1981 um breytingu á þeim
lögum. Eigi þykir það vera á valdi uppboðsréttar að úrskurða um, hvort
fógeta hafi verið rétt að gera fjárnám á grundvelli réttarsáttarinnar sem
aðfararheimildar vegna þess loforðs gerðarbeiðanda, uppboðsbeiðanda í
máli þessu, að hann myndi ekki krefjst nauðungaruppboðs á því, sem fjár-
numið yrði, fullnægði gerðarþoli þar greindum skilyrðum. Gætt var leið-
beiningarskyldu gagnvart gerðarþola. Uppboðsréttur er ekki bær að úr-
skurða um, hvort gerðarþoli var að lofa að greiða fyrndar kröfur. Reyndar
hefur hvorki verið sannað, að svo hafi verið, né heldur, að gjöldin séu
greidd.

Fjárnámssgerðinni hefur ekki verið áfrýjað, og ekkert er fram komið um
réttarfarslega annmarka á henni, sem leiði til þess, að hún verði talin ógild
sem uppboðsheimild. Samkvæmt framangreindu skal nauðungaruppboð á
fasteigninni Breiðáasi 1 í Garðakaupstað fara fram að kröfu uppboðsbeið-
anda fyrir fjárnámsskuldinni, kr. 27.370,47, auk þeirra vaxta frá 1.
september 1980 er þinggjaldaskuldir bera á hverjum tíma.

Dæma ber uppboðspóla til að greiða uppboðsbeiðanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur.

Það er athugavert, að í greinargerð uppboðspóla og málflutningi hér fyrir dómi koma fram ásakanir um, að fógeti sá, er fjárnámið framkvæmdi, hafi ekki gætt eðlilegra réttarfarslegra athafna. Þær ásakanir hafa ekki verið réttlættar og skoðast því sem ómerkar.

Hlökkver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Nauðungaruppboð skal fara fram á fasteigninni nr. 1 við Breiðás í Garðakaupstað, þinglesinni eign uppboðspóla, Ásrúnar Auðbergsdóttur, samkvæmt kröfu og á ábyrgð uppboðsbeiðanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, til lúkningar kr. 27.370,47 með þeim vöxtum, er þinggjaldaskuldir bera á hverjum tíma, frá 1. september 1980.

Uppboðspóli greiði uppboðsbeiðanda 10.000,00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.